

# Áveitan

5. tbl. 9. árgangur. Maí 2015

## Þingborgarmót

Hið árlega Þingborgarmót verður haldið þann 19. maí næstkomandi í Þingborg. Mótið hefst kl 16:30 og stendur til um kl 19:30. Mótið er fyrir alla krakka 16 ára og yngri.

Keppnisgreinar eru: 10 ára og yngri- langstökk án atr. og kúluvarp. 11-16 ára- langstökk án atr., þristökk án atr., kúluvarp og hástökk. Þar sem yngri krakkarnir keppa aðeins í tveimur greinum þá má búast við að þeirra keppni verði lokið um kl 17:30.

Með von um að sjá sem flesta koma og reyna að bæta sig á skemmtilegu móti.

Ungmennafélagin

## Hugmyndir að nafni á nýtt ungmennafélag!

Undirbúningshópur um stofnun nýs ungmennafélags í Flóahreppi leitar nú eftir hugmyndum að nafni á nýja félagið. Við viljum endilega fá sem flestar hugmyndir frá ykkur og ekki væri verra ef hugmyndinni fylgdu nokkur orð um merkingu nafnsins eða tildrög hugmyndarinnar.

Hugmyndirnar skal senda á netfangið [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com) fyrir 30. júní næstkomandi. Hugmyndir að nafni eru tilvalið umhugsunarefni fyrir yfirsetumenn- og konur á næturvöktum í komandi sauðburði svo við vonumst eftir að fá margar tillögur.

Ungmennafélagin



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Frá sveitarstjóra

**Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn.**

### Vorhreinsun

Eins og undanfarin ár verður boðið upp á gáma heim að bæjum til átaksverkefna.

Pantanir þurfa að berast til ÍGF - **Hreinsunarátak**

Dagana 15.-21. maí n.k. mun Flóahreppur standa fyrir hreinsunarátaki

ísveitarfélöginu. Gámar fyrir járn og grófan úrgang verða staðsettir við

Félagslund og Heiðargerði og hægt er að semja um að fá járnagám heim að bæ ef um

er að ræða mikið magn af brotajárni. Íbúar eru beðnir um að láta vita áskrifstofu

Flóahrepps í síma 480 4370 ef óskað er eftir gámi heim að bæ vegna brotajárns.

Minnt er á að gámasvæði sveitarfélagsins er í Hrísmýri við Selfoss þar sem hægt er

að losna við spilliefni og fleira.

### Gamla Þingborg – rými til leigu.

Gengið hefur verið frá samningum við Þingborgarhópin um leigu á hluta af

húsnæði Gömlu Þingborgar. Þar sem ekki er full nýting á húsinu þá hefur verið

ákveðið að bjóða til útleigu, rými í kjallara og 2 herbergi á gangi á miðhæð.

Umsjón hússins er í höndum Þingborgarhópsins og verður að vera góð samvinna um

alla umgengi. Áhugasömum er bent á að senda umsóknir til Flóahrepps í gegnum

netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) Nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri .

### Flokksstjóri unglíngavinna

Flóahreppur auglýsir eftir flokksstjóra í unglíngavinnu sveitarfélagsins.

Umsækjendur þurfa að hafa bílpróf og vinnuvélaréttindi, vera reglusamir og eiga

auðvelt með samskipti við unglíng. Umsóknur skal skila á skrifstofu Flóahrepps,

Þingborg 801 Selfoss eða á netfangið [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is) fyrir 9. maí.

### Unglíngavinna

Athugið, að ennþá er hægt að skrá unglíng í unglíngavinnu Flóahrepps.

Umsóknareyðublöð á skrifstofu Flóahrepps og á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.floahreppur.is>.

### Slátturtraktor til sölu

Óskað er eftir tilboði í slátturtraktor af gerðinni MF-36-18RD (Kohler) ágerð

2008. (með safnkassa) Slátturborð var yfirfarið síðasta sumar og sett var ný reim og

rafgeymir. Nánari upplýsingar hjá Rúnari í síma 898 2554. Tilboð þurfa hafa borist

fyrir 15/5 kl 12:00. Tilboð sendist á [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

## Tækjalisti Búnaðarfélags Gaulverja 2015

Umsjónarmenn: Þorsteinn á Syðra-Velli s. 486 3377, gsm. 862 0305 og Sturla á Fljótshólum gsm. 862 0623

Stór valtari	2300 kr/ha
Hnífaherfi	1800 kr/ha
Hestakerra	1700 kr/klst
Haugsuga	1500 kr/klst
Fjaðraherfi	1800 kr/klst
Pinnatætari	3300 kr/klst.
Diskaherfi	3500 kr/ha
Samson dreifari	25000 kr/ heill dagur
	12500 kr/ hálfur dagur
Plógur 5 skera	3500 kr/ha
Lítill valtari	1000 kr/ha
Hagasláttuvél	3000 kr/klst

Tækin skulu smurð eftir notkun og skilað strax til umsjónarmanna

## Til sveitunga og vina

Kvenfélögin þrjú í Flóahreppi ætla að hafa tombólu og bókamarkað á Fjöri í Flóa og auðvitað verður ágóðanum vel varið. Við leitum því til ykkar um hluti bæði stóra og smáa, gamla og nýja og bækur af öllum gerðum. Ef þið eigið eitthvað sem þið viljið gefa má hafa samband við neðangreindar konur.

Kristín, Egilstöðum sími: 868 6714, tekur við munum í Þjórsárveri frá kl: 9:30 -13:30 virka daga einnig er hún tilbúin að sækja dót.

Herdís, Seljatungu sími 486 3382 eða 868 4277 hún er heima á daginn og getur einnig sótt dót.

Bryndís, Oddgeirshólum sími 482 1079 og 662 3777 hún er heima á daginn og getur einnig sótt.

## Afmæli Brynjólfs Jóhannssonar

Við viljum koma á framfæri þakklæti fyrir aðstoð og hjálp við undirbúning 50 ára afmælisveislu Brynjólfs, sem haldin var í Vatnsholti 18. apríl 2015. Þökkum öllum fyrir frábæra samverustund, gjafir og hlýhug.

Brynjólfur og Pía

## Hafsteinn Þorvaldsson-minningarorð

Hafsteinn Þorvaldsson, heiðursfélagi og einn helsti velunnari Ungmennafélagsins Vöku er fallinn frá. Hafsteinn fluttist með fjölskyldu sinni að Syðri-Gróf í Villingaholtshreppi árið 1948. Árið 1950 var hann kosinn formaður félagsins, þá aðeins 18 ára gamall, og gegndi hann formannsembættinu til ársins 1962 að árinu 1956 undanskildu.

Hafsteinn átti í formannstið sinni stóran þátt í því að félagsheimilið Þjórsárver var reist á Villingaholti. Staðið höfðu nokkrar deilur um staðsetningu nýs félagsheimilis í hreppnum. Sem nýr formaður fór Hafsteinn á milli bæja og reyndi að átta sig á sjónarmiðum hvers og eins. Svo fór að almenn sátt náðist um að reisa Þjórsárver á Villingaholti og var það gert að mestu í sjálfboðavinnu félaga í ungmennafélaginu. Þetta verkefni var mikill reynsluskóli fyrir Hafstein og líklega upphafið að farsælum félagsmálaferli hans. Eftir að byggingu hússins lauk árið 1959 tók Hafsteinn við rekstri þess og tókst þeim félögum, honum og Eiríki K. Eiríkssyni á Gafli að sigra sunnlenska sveitaballamarkaðinn. Tekjurnar sem þeir náðu inn á stuttum tíma voru ævintýralegar, og náðist að borga húsið upp á met tíma.

Hafsteinn gleymdi ekki sínu gamla félagi þrátt fyrir að hann flytti á Selfoss vorið 1961. Hann lét oft sjá sig á aðalfundum og öðrum viðburðum eftir það, auk þess sem hann og Ragnhildur gáfu félaginu góðar gjafir. Stærsta gjöfin var án efa peningagjöf sem þau færðu félaginu árið 2009 og kom að góðum notum. Fram á síðustu ár hefur Hafsteinn oft mætt með fjölskyldu sinni í skótuveislu félagsins á Þorláksmessu, alltaf jafn glaðbeittur og léttur í lund. Með þessum orðum vill Ungmennafélagið Vaka þakka Hafsteini áratuga velvild í garð félagsins, genginn er sannur ungmennafélagi.

Blessuð sé minning Hafsteins Þorvaldssonar.

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður

### **Fjör í Flóa- Skottssala — Smádýr.**

Ef íbúar Flóahrepps eiga hvolpa, kettlinga, kanínunga eða annan viðlíka búsmala sem þeir vilja hafa til sýnis á Fjör í Flóa geta þeir hinir sömu haft samband við Ingibjörgu Einarsdóttur í síma 6917082.

Átt þú varning, sem þú settir inni geymslu og gleymdir. Viltu ekki selja það gegn vægu gjaldi. Þú setur allt dótið þitt í skottið á bílnum þínum og kemur með það á Fjör í Flóa – laugardaginn 30 maí kl. 10-14. Opnar skottið og selur. Svo kaupir þú kannski líka frá hinum. Áhugasamir hafi samband við Rósu Matthíasdóttur á [rosamatt@simnet.is](mailto:rosamatt@simnet.is)

## **Flóahlaup Samhygðar**

Flóahlaupið fór fram laugardaginn 11. apríl. Alls þreyttu 42 hlauparar ýmist 3,5 eða 10 km í heldur erfiðu veðri sem hafði mikil áhrif þátttökuna. Heildarúrslit hlaupsins má nálgast á [www.hlaup.is](http://www.hlaup.is). Kaffi og verðlaunaafhending fór fram í Félagslundi að hlaupi loknu. Öllum sem lögðu á hönd á plóg við framkvæmdina er sérstaklega þakkað sitt framlag. Eins er þeim þakkað sem styrktu hlaupið með einum eða öðrum hætti.

Eftirtaldir gáfu verðlaun:

**VÍS**

**Fossdekk**

**Lögmenn Suðurland**

**Flóahreppur**

**TM**

Eftirtaldir gáfu vörur:

**MS – Selfossi**

**HP flatkökur**

Eftirtaldir styrktu hlaupið:

**Kjörís**

**Jötunn**



Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200

Þéttlingar  
Eltámsáun  
Rúðuskipti

## **Frá Kvenfélögunum í Flóahreppi:**

### **Fjör í Flóa**

Kvenfélögin í Flóahreppi ætla að minnast 100 ára kosningaafmælis kvenna á hátíðinni okkar, Fjör í Flóa, 29-31 maí n.k.

Af því tilefni munum við vinna saman að öllum dagskráratríðum á vegum kvenfélaganna, s.s. morgunverði, kökubasar, hlutaveltu, blóma og grænmetissölu og að selja veitingar.

Einnig verður á okkar vegum í Þingborg sögusýning á spjöldum er segir frá kosningarétti kvenna, upplestur, kórsöngur, einsöngur og fræðsla og sýning á þjóðbúningum og búningasilfri frá Annríki, þjóðbúningar og skart.

Við kvenfélögin fengum styrk frá nefnd um 100 ára kosningaafmæli til að minnast þessara tímamóta.

Á sunnudeginum þegar Annríki mun kynna þjóðbúninga og silfur óskum við eftir að konur og karlar sem eiga þjóðbúninga muni klæðast þeim og mæta í Þingborg.

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps

Kvenfélag Hraungerðishrepps

Kvenfélag Villingaholtshrepps

## **Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:**

### **Kæru sveitungar,**

Ekki vill svo vel til að þið eigið mynd af fjallkonum sem hafa flutt ljóð á 17. júní hátíðahöldum í Þjórsárverri?

Við kvenfélögin erum að reyna að safna þessum myndum til að láta þær birtast á tjaldi á hátíðahöldunum á Fjöri í Flóa, (haldið upp á 100 ára kosningaafmæli kvenna) og þætti okkur vænt um að fá sem flestar myndir, gott væri ef nafn konu og ártal gæti fylgt með. Vinsamlega hafið samband við undirritaða vegna þessa og komið myndum til mín sem allra allra fyrst, þar sem tíma tekur að skanna inn og útbúa "slide show".

Með fyrirfram þökk,

Sólveig Þórðardóttir, formaður kvenfélags Villingaholtshrepps  
s: 482 2553, email [kvfvillingaholtshrepps@gmail.com](mailto:kvfvillingaholtshrepps@gmail.com)

### **Opið hús 10. maí**

Opið hús verður hjá Öldu Hermanns, Réttarholti 3 á Selfossi, sunnudagskvöldið 10. maí frá kl. 20.30.

Munið eftir að koma með eitthvað á kaffiborðið.

Vonast til að sjá sem flestar.

ATH: skráning í vinnu vegna Fjörs í Flóa,

## **Feringarmessur í Flóahreppi um hvítasunu 2015**

**Villingaholtskirkja**, á hvítasunnudag, 24. maí kl. 13.30. Prestur sr. Þorvaldur Karl Helgason.

Fermd verður: Kolbrún Katla Jónsdóttir, Lyngholti

**Gaulverjabæjarkirkja** á hvítasunnudag 24. maí kl. 11.00.

Fermdir verða:

Brynjar Jón Brynjarsson, Hófgerði

Kári Kristinsson, Hraunholti

Jónatan Mikael Magnússon, Hallanda

**Hraungerðiskirkja**, annan í hvítasunu, 25. maí kl. 11. Prestur sr. Axel Á Njarðvík.

Fermd verður: Arndís María Ingólfssdóttir, Ölvisholti

# Sumartónleikar

Sunnudaginn 17. maí kl. 16.00 í Selfosskirkju

Nú ætlar þríeykið Ásgeir Páll, Egill Árni og Þóra Gylfa að syngja inn sumarið og Bjarni Jónatansson leikur með af sinni alkunnu snilld.



Á efniskránni verða t.d margar af helstu perlum óperubókmenntanna, aríur og dúettar.

**Hlökkum til að sjá ykkur !!**

Aðgangseyrir 2000 kr (ath! enginn posi á staðnum)

## Íbúafundur

Íbúafundur um málefni Flóaskóla verður haldinn þann 19. maí næstkomandi, í Flóaskóla kl 20:00.

Á fundinum gefst tækifæri á að ræða málefni skólans á opnum fundi með stjórnendum skólans.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu skólans [floaskoli.is](http://floaskoli.is)

Bestu kveðjur,  
Anna Greta Ólafsdóttir, skólastjóri

## Bændur athugið !

Tek að mér rúllun í sumar. Er með Mehale fusion 3 plus samstæðu.  
Upplýsingar gefur Gummi í Túni í síma 774-0182

## Frá leikskólanum Krakkaborg

Maímánuður er alltaf skemmtilegur hjá okkur í Krakkaborg, enda nóg að gera og með hækkandi sól verður einfaldlega allt spennandi.

Í næstu viku hefst vorskóli en þá fara elstu börn leikskólans í Flóaskóla í eina viku og taka þar þátt í leik og starfi. Þau kynnast starfinu og starfsfólkinu vel og halda áfram að prófa hinar ýmsu námsgreinar og verkefni eins og þau hafa verið að gera í skólaheimsóknum í vetur. Tvo síðustu dagana er boðið upp á að það séu sótt af skólabílum um morguninn og skilað svo aftur heim með skólabíl í lok dags.

Smátt og smátt förum við að færa leikskólastarfið meira út. Við erum farin að huga að matjurtagarðinum okkar og getum vonandi fljótlega farið að setja niður kartöflur og sá grænmeti. Börnin á Ugludeild eru búin að taka forskot á sæluna og sáðu í potta klettsalati, tómötum, papriki og fl. Nú eru grænir angar farnir að gægjast upp úr moldinni og fylgjast börnin spennt með.

Við stefnum einnig á að setja upp smíðahorn fyrir krakkana þar sem þau geta spreytt sig á að negla saman spýtur, saga og skapa eitthvað flott. Börnin eru með mikil plön um að smíða víkingaskip og kofa og vonandi gengur það eftir. Ef það eru einhversstaðar góðar spýtur að þvælast fyrir eignum sínum heima fyrir þá þiggjum við í leikskólanum þær með þökkum.

Í maí fara börn á Uglu- og Krummadeild í lambaferðir. Þá heimsækjum við sveitabæi í Flóanum og kíkum aðeins á búskapinn. Börn á Ugludeild ætla að heimsækja Litla- Ármót og börn á Krummadeild ætla að heimsækja Lambastaði.

27. maí n.k. klukkan 14:30 höldum við sumarhátíð Krakkaborgar sem jafnframt er útskriftarathöfn elstu barna leikskólans. Í ár eru það 9 nemendur sem útskrifast úr Krakkaborg og hefja nám í Flóaskóla í haust. Á sumarhátíðinni munu nemendur leikskólans sýna atriði, Sirkus Íslands kemur í heimsókn, boðið verður upp á andlitsmálun og svo mun foreldrafélagið grilla pylsur og bjóða upp á svaladrykki.

Krakkaborg mun einnig taka þátt í Fjöri í Flóa. Opíð hús verður í leikskólanum föstudaginn 29. maí frá klukkan 9:30 – 11:30. Þá gefst gestum og gangandi tækifæri til að skoða leikskólann og taka þátt í starfinu sem þar fer fram. Ef veður leyfir ætlum við að kveikja upp í eldstæðinu okkar og grilla brauð. Allir eru velkomnir í heimsókn.

1. maí hefur Sigríður Birna Birgisdóttir störf sem leikskólastjóri í Krakkaborg. Ég mun taka aftur við stöðu minni sem aðstoðarleikskólastjóri ásamt því að sinna afleysingum og stuðningi inni á deildum.

Með kveðju,  
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir



## **Frá Umf Baldri:**

### **Leikjakvöld**

Líkt og undanfarin sumur ætla Umf Baldur að standa fyrir leikjakvöldum í Einbúa einu sinni í viku fyrir börn á öllum aldri. Öllum velkomið að kíkja og taka þátt í skemmtilegum leikjum. Umsjónamenn leikjakvöldanna í sumar verða þær Birgitta Kristín Bjarnadóttir og Gunnhildur Gísladóttir, líkt og síðasta sumar. Stefnt að byrja snemma í júní. Nánar auglýst í næstu Áveitu.

### **Mí 11-14 ára í frjálsum íþróttum**

Meistaramót Íslands í flokkum 11-14 ára í frjálsum íþróttum mun fara fram á Selfossvelli helgina 27.- 28. júní nk. Til þess að mótið gangi sem best fyrir sig þá þarf marga sjálfbóðaliða til að starfa við mótið, bæði í íþróttakeppninni sjálfri en einnig við undirbúning matar fyrir keppendur og gæslu á gistisvæðum. Mótið verður nýtt sem fjáröflun fyrir ungmennafélögin á HSK svæðinu og mun hver vinnustund sem unnin er af hendi sjálfbóðaliðanna tryggja pening til þess ungmennafélags sem sjálfbóðaliðinn ánafnar sínum tíma. Þess vegna biðjum við þá sem eru tilbúnir til þess að starfa á mótinu fyrir Umf. Baldur að hafa samband við Baldur formann í síma 867-3538 eða tölvupósti á [ballroq@hotmail.com](mailto:ballroq@hotmail.com) fyrir 20. maí næstkomandi. Hafa skal í huga að ekki er nauðsynlegt að starfa báða mótisdagana. Foreldrar barna sem munu koma til með að keppa á mótinu eru sérstaklega hvattir til að koma og starfa á þessu stóra og skemmtilega móti!

### **Örfréttir**

- Verið að er að skoða þessa daganna rafmagns- og heitavatnsvæðingu í Einbúa. Ræktunarnefnd félagsins ásamt stjórn hafa fundað um þetta og er þessa daganna verið að kanna verð o.fl. Ef af framkvæmdum verður er líklegt að kallað verði eftir framlagi félagsmanna til ýmissa verkþátta með sjálfbóðavinnu.
- Að venju verður haldinn hreinsunardagur í Einbúa snemma sumars. Nánar auglýst í næstu Áveitu.
- Stefnt er að því að halda félagsfund með haustinu þar sem kynnt verður vinna nefndar þeirra sem vinnur að stofnun nýs ungmennafélags í Flóahreppi. Hvað í því muni felast fyrir Umf. Baldur varðandi eignir o.fl.

## **Frá Flóaáveitunni**

Aðalfundur Flóaáveitunnar verður haldinn í Þingborg fimmtudagskvöldið 7. maí kl. 21.

Aðalfundarstörf. Kaffiveitingar.

Stjórnin

## **Frá Umf. Vöku:**

### **MÍ 11-14 ára í frjálsum íþróttum**

Meistaramót Íslands í flokkum 11-14 ára í frjálsum íþróttum mun fara fram á Selfossvelli helgina 27.- 28. júní. Til þess að mótið gangi sem best fyrir sig þá þarf marga sjálfbóðaliða til að starfa við mótið, bæði í íþróttakeppninni sjálfri en einnig við undirbúning matar fyrir keppendur og gæslu á gistisvæðum. Mótið verður nýtt sem fjáröflun fyrir ungmennafélögin á HSK svæðinu og mun hver vinnustund sem unnin er af hendi sjálfbóðaliðanna tryggja pening til þess ungmennafélags sem sjálfbóðaliðinn ánafnar sínum tíma. Þess vegna biðjum við þá sem eru tilbúnir til þess að starfa á mótinu fyrir Umf. Vöku að senda tölvupóst á Guðmundu í [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com) til þess að skrá sig fyrir 20. maí næstkomandi. Hafa skal í huga að ekki er nauðsynlegt að starfa báða mótsdagana. Foreldrar barna sem munu koma til með að keppa á mótinu eru sérstaklega hvattir til að koma og starfa á þessu stóra og skemmtilega móti!

Umf. Vaka

### **Opinn fundur Umf. Vöku um málefni Þjórsárvers**

Sunnudagskvöldið 17. maí kl 20:30 verður opinn félagsfundur í Þjórsárveri á vegum Umf. Vöku. Málefni Þjórsárvers verða tekin til umræðu en nú eru uppi hugmyndir þess efnis að breyta eignarhaldi hússins á þann veg að félagið afhendi Flóahreppi sinn hluta. Þessar hugmyndir eru til komnar vegna þess að breytingar á eignaraðildinni hafa mikinn fjárhagslegan ávinning fyrir rekstur hússins sem hefur lengi verið þungur. Við viljum hvetja alla félagsmenn sem hafa áhuga á málefnum hússins að koma á fundinn og ræða þennan möguleika.

Umf. Vaka

### **Ljósmyndamaraðon Umf. Vöku**

Umf. Vaka ætlar að standa fyrir ljósmyndamaraðoni á Fjör í flóa í ár líkt og á síðasta ári. Allir geta tekið þátt í maraðoninu og er þátttaka ókeypis. Fólk á öllum aldri er hvatt til þess að taka þátt í þessum skemmtilega viðburði þar sem mestu skiptir að hafa ríkt hugmyndaflug og næmt auga. Fyrirkomulagið verður með svipuðum hætti og í fyrra en nánari upplýsingar verða auglýstar þegar nær dregur.

Stjórnin



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

## Úrslit úr viðavangshlaupi á sumardaginn fyrsta

1.	Dagur Fannar Einarsson	'02	5:46 mín
2.	Daði Kolviður Einarsson	05	6:29 mín
3.	Sigurjón Reynisson	'05	6:43 mín
4.	Guðmunda Ólafsdóttir	'89	6:53 mín
5.	Unnsteinn Reynisson	'03	6:57 mín
6.	Sæþór Atlason	'04	7:07 mín
7.	Hjalti Geir Jónsson	'06	9:33 mín
8.	Sigurjón Óli Ágústsson	'04	9:35 mín
9.	Helgi Reynisson	'08	10:31mín
10.	Aldís Tanja Söndrudóttir	'05	10:32mín
11.	Silja Lind Jónsdóttir	'07	10:44mín
12.	Hlynur Helgi Jónsson	'09	10:45mín
13.	Arnór Leví Sigmarsson	'07	10:46mín
14.	Heinz Jóhann Brynjólfsson	'04	11:48mín
15.	Birna Harðardóttir	'89	11:49mín
16.	Lilja Böðvarsdóttir	'67	11:50mín
17.	Viðar Ófeigsson	'58	12:02mín
18.	Logi Viðarsson	'02	12:03mín
19.	Pétur Brynjólfsson	'02	12:19mín
20.	Kristín Stefánsdóttir	'48	13:08mín
21.	Guðrún Jónsdóttir	'53	13:09mín
22.	Soffía Náttól Andradóttir	'06	15:04mín
23.	Bjarki Rafn Reynisson	'10	15:11mín
24.	Ólöf Vala Heimisdóttir	'06	15:13mín
25.	Valgerður Gestsdóttir	'57	15:14mín
26.	Elín Bjarnveig Sveinsdóttir	'60	15:15mín
27.	Elfa Rún Heimisdóttir	'11	15:39mín
28.	Sigrún Helgadóttir	'83	15:40mín
29.	Unnur Bjarkadóttir	'86	15:41mín
30.	Elfa Kristinsdóttir	'62	16:10mín
31.	Ásta Björg Jónsdóttir	'10	16:32mín
32.	Jón Valgeir Geirsson	'75	16:33mín
33.	Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	'10	16:40mín
34.	Sigmar Örn Aðalsteinsson	'83	16:41mín
35.	Kristófer Máni Andrason	'10	16:42mín
36.	Kristján Gestsson	'49	16:43mín
37.	Aðalsteinn Sveinsson	'59	16:57mín
38.	Steinunn Lilja Kristinsdóttir	'13	18:59mín
39.	Kristinn Matthías Símonarson	'84	19:00mín

## Fjör í Flóa 2015

Nú stýttist í að Fjör í Flóa 2015 hefjist en það fer fram helgina 29.-31. maí. Dagskrá hátíðarinnar er óðum að taka á sig mynd og verður hún birt í heild sinni í Dagskránni og á [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is) þegar nær dregur. Dagskráin verður með líku sniði og áður, hefst á föstudegi á setningu hátíðarinnar auk afhendingar verðlauna fyrir íþróttamann ársins. Um kvöldið verður farið í gönguferð á Loftstaðahól og nágrenni og rifjuð upp fjölbreytt saga svæðisins.

Laugardagurinn hefst á morgunverði í Þingborg sem kvenfélögin í sveitinni sjá um. Kvenfélögin standa einnig fyrir fjölbreyttum viðburðum alla helgina í tilefni 100 ára kosningaafmælis kvenna. Fyrir hádegi verða ungmennafélögin með fjölbreytta afþreyingu fyrir yngri kynslóðina auk þess sem margskonar sölubásar verða settir upp í Þingborg ásamt fleiru. Síðdegis á laugardeginum mun Leihópurinn Lotta mæta í Þingborg og taka söngvasyrpu með úrvali úr sýningum sínum. Á laugardagskvöldið verður svo blásið til kvöldvöku í Félagslundi þar sem sjónvarpsmaðurinn góðkunni Gísli Einarsson mun skemmta fólki auk þess heimamenn munu láta hæfileika sína njóta sín í léttri samkeppni.

Á sunnudeginum verður haldin barnamessa í Hraungerðiskirkju og seinna um daginn kemur töframaðurinn Einar Mikeal í Þingborg ásamt töfradis.

Þetta er aðeins brot af því sem verður á dagskrá í Fjör í Flóa en opið hús verður víðsvegar um sveitina þar sem fólki gefst kostur á að heimsækja athyglisverða staði og fjölbreytta atvinnustarfsemi.

Sjáumst á Fjör í Flóa  
Rekstrarstjórn félagsheimilanna

### Dagskrá mánaðarins

Æfingar í Þingborg	5. maí
Aðalfundur Flóaáveitunnar	7. maí
Opið hús Kvenfélag Villingaholtshrepps	10. maí
Æfingar í Þingborg	12. maí
Opin fundur vegna málefna Þjósárvers	17. maí
Sumartónleikar í Selfosskirkju	17. maí
Þingborgarmót	19. maí
Íbúafundur um málefni Flóaskóla	19. maí
Fermingarmessa í Villingaholtskirkju	24. maí
Fermingarmessa í Gaulverjabæjarkirkju	24. maí
Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju	25. maí
Fjör í Flóa	29.-31. maí
Skilafrestur á tillögum að nafni nýs ungmennafélags	30. júní